

REGLUGERÐ
um endurnýjanlegt eldsneyti sem telur tvöfalt í markmiði laga nr. 40/2013,
um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, með síðari breytingum.

1. gr.
Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að kveða á um þær tegundir endurnýjanlegs eldsneytis sem telja má tvöfalt á við sama magn annars endurnýjanlegs eldsneytis til að uppfylla skilyrði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, með síðari breytingum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Endurnýjanlegt eldsneyti:* Eldsneyti sem er unnið úr endurnýjanlegum orkugjöfum.
2. *Leifar:* Hvers kyns efni eða hlutir sem verða afgangs að loknu framleiðsluferli, þegar meginmarkmið framleiðslunnar er ekki að framleiða viðkomandi efni eða hlut.
3. *Lífeldsneyti:* Endurnýjanlegt eldsneyti, í formi vökva eða gass, sem er unnið úr lífmassa.
4. *Lífmassi:* Lífbjótanlegur hluti afurða. Úrgangur og leifar af lífrænum uppruna frá landbúnaði, skógrækt og tengdum iðnaði, fiskveiðum og fiskeldi ásamt lífrænum hluta úrgangs frá iðnaði og heimilum.
5. *Losun gróðurhúsalofttegunda:* Það magn gróðurhúsalofttegunda sem losnar í andrúmsloftið á lífsferli eldsneytis frá framleiðslu til og með notkun.
6. *Úrgangur:* Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.

3. gr.
Endurnýjanlegt eldsneyti með tvöfalt vægi.

A-hluti. Hráefni og eldsneyti hvers orkuinnihald má telja tvöfalt skv. 3. gr. laga nr. 40/2013:

- a) Þörungar, ef þeir eru ræktaðir á landi í tjörnum eða í ljósräktunartönkum (e. photobioreactor).
- b) Lífmassahluti úr blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi en ekki flokkuðu húsasorpi sem fellur undir endurvinnslumarkmið skv. a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana.
- c) Lifúrgangur, eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, frá einkahheimilum með fyrirvara um sérstaka söfnun eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.
- d) Lífmassahluti úr iðnaðarúrgangi, sem er ekki hæfur til notkunar í matvæla- eða fóðurferli, þ.m.t. efni úr heildsölu- og smásöluiðnaði, efni sem fellur til í matvælaiðnaði, í landbúnaði, í fiskvinnslustöðvum og í lagareldisiðnaði, að undanskildum hráefnum sem eru talin upp í B-hluta þessarar greinar.
- e) Hálmur.
- f) Húsdýraáburður og skólpeðja.
- g) Frárennslí frá pálmaolíuverksmiðjum og tómir klasar olíupálmaaldina.
- h) Furuolíubik.
- i) Óunnið glýserín.
- j) Kraminn sykurreyr.
- k) Þrúguhrat og vindreggjar.
- l) Hnetuskurn.
- m) Klíð.
- n) Kólfar sem búið er að hreinsa maískorn af.

Nr. 1250

30. nóvember 2020

- o) Lífmassahluti úr úrgangi og leifar úr skógrækt og iðnaði sem byggir á skógafurðum, t.d. börkur, greinar, grisjaður viður sem ekki hefur verið settur í sölu, lauf, nálar, trjátóppar, sag, spænir, svartlútur, brúnlútur, trefjaeðja, lignín og furuolia.
- p) Önnur sellulósaefti sem eru ekki matvæli, eins og skilgreint er í s-lið annarrar málsgreinar 2. gr. tilskipunar 2015/1513/ESB um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og um breytingu á tilskipun 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- q) Annað lignósellulósaefti eins og skilgreint er í r-lið annarrar málsgreinar 2. gr. tilskipunar 2015/1513/ESB, að undanskildum sögunar- og spónabolum.
- r) Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífraenum uppruna.
- s) Kolefnisföngun og notkun til flutninga, ef orkugjafinn er endurnýjanlegur í samræmi við a-lið annarrar málsgreinar 2. gr. tilskipunar 2015/1513/ESB.
- t) Bakteríur, ef orkugjafinn er endurnýjanlegur í samræmi við a-lið annarrar málsgreinar 2. gr. tilskipunar 2015/1513/ESB.

B-hluti. Hráefni hvers orkuinnihald má telja tvöfalt skv. 3. gr. laga nr. 40/2013:

- a) Notuð olía til matargerðar.
- b) Dýrafita sem flokkast í 1. og 2. flokk í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum).

4. gr.

Raforka.

Til að ná markmiðum 3. gr. laga, nr. 40/2013, má telja tvöfalt orkuinnihald raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og nýtt er til hleðslu raf- og tengiltvinnbíla til nota í samgöngum á landi.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. nóvember 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2020